

# Íslensk hönnunarsýning á Kjarvalsstöðum

Mót – íslensk hönnunarsýning verður opnuð 14. nóvember á Kjarvalsstöðum. Sýningin stendur til 12. nóvember.

## TÓNLIST

**1.10. 70 ára afmælistónleikar Tónlistarskólans í Reykjavík** Tónlistarskóli Reykjavíkur mun standa fyrir völdugum hátíðartónleikum í Háskólabíói á 70 ára afmælisdegi sínum. Stjórnandi er Bernharður Wilkinson. Tónleikarnir hefjast kl. 14:00. Aðgangseyrir er enginn.

[www.ismennt.is/vefir/tono](http://www.ismennt.is/vefir/tono)

### 7.10. Orðið tónlist

Orðið tónlist – hátíð talaðrar tónlistar er yfirskrift dagskrár sem útgáfufyrirtækið Smekkleysa sm.hf. mun standa fyrir í Íslensku óperunni.

[www.musik.is/art2000](http://www.musik.is/art2000)

### 19.10. – 22.10. Iceland Airwaves

Alþjóðlega tónlistarhátíðin Iceland Airwaves verður haldin í Reykjavík í annað sinn, nú í samvinnu Flugleiða og Menningarborgar.

[www.icelandairwaves.com](http://www.icelandairwaves.com)

**18.10.-21.11. Íslensk tónlist í lok 20. aldar** Pessi Þriðji og síðasti hluti hátíðar Tónskáldafélagsins verður tileinkaður tónsmíðum frá 1985 og til aldarloka og ber yfirskriftina „Framtíðarsýn“.

[www.listir.is](http://www.listir.is)

**29.10 og 31.11 Óvæntir bólfélagar** í október eru Magga Stína og ný hljómsveit, sem hún mun skipa barnungum hljóðfæraleikurum. Í nóvember verða þeir engir aðrir en Guðbergur Bergsson rithöfundur og tónlistarmaðurinn Dr. Gunni. [www.reykjavik2000.is](http://www.reykjavik2000.is)

### 6.11. The London Mozart Players

Kammersveitin The London Mozart Players leikur í Salnum í Kópavogi kl. 20.00.

**9.11. Sinfóníuhljómsveit Íslands Tónleikar** í Háskólabíói kl. 19.30 þar sem frumfluttur verður klarinettkonsert eftir Jón Nordal. [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

### 11.11. Caput-tónleikar

Á þessum tónleikum, sem hefjast kl. 17.00 í Langholtskirkju, mun Caput meðal annars frumflytja verk Snorra Sigfúsar Birgissonar og Báru Grímsdóttur, pöntuð af M2000 fyrir CAPUT, og nýtt verk eftir Svein Lúðvík Björnsson

[www.reykjavik2000.is](http://www.reykjavik2000.is)

### 12.11. Music Attuale

Í tilefni af menningarári Bologna skipulagði MusicAttuale frá Bologna samstarfsverkefni tónlistarhópa í þremur menningarborgum: Caput-hópsins í Reykjavík, Bit 20 í Bergen og MusicAttuale í Bologna. Tónleikarnir eru hluti af hátíð Tónskáldafélagsins.

[www.reykjavik2000.is](http://www.reykjavik2000.is)

**22.11. –26.11. Píanókeppni EPTA** Íslandsdeild Evrópusambands píanókennara (EPTA) stendur fyrir heljar-mikilli píanóveislu á menningarárinu. Síðasti og víðamesti hluti hennar er þrískipt píanókeppni fyrir unga píanóleikara, 25 ára og yngri. Keppnin stendur yfir frá kl. 9.00–16.00 alla dagana.

**7.12. Sinfóníuhljómsveit Íslands Tónleikar** í Háskólabíói kl. 19.30 þar sem frumflutt verður hljómsveitarverk eftir Hjálmar H. Ragnarsson. [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

Sýningin á Kjarvalsstöðum er haldin á vegum FORM ÍSLAND, samtaka hönnuða. Sýningin er liður í Reykjavík – menningarborg 2000.

„Hönnun er einn af vaxtarbroddum í íslensku atvinnulífi og íslenskir hönnuðir starfa í alþjóðlegu starfsumhverfi þar sem landamæri eru engin,“ segir í upplýsingum frá FORM ÍSLAND.


„Á sýningunni á Kjarvalsstöðum verður skyggnst inn í hönnun 21. aldarinnar, auk þess sem íslensk hönnun á síðustu öld verður skoðuð.

Sýningarformið sjálf verður nýstárlegt og þarf sýningargesturinn að raða saman og geta í eyðurnar.


Sýningin er byggð upp á þremur meginhugmyndum; hönnuðinum sem einstaklingi, iðnaðarframleiðandanum og sögulegum arfi íslenskrar hönnunar. Íslensk nútímahönnun skipar veglegan sess á sýningunni með megináherslu á hönnun sem byggist á hugmyndafræðilegum nýjungum.

Hlutir og framleiðsla verða sýnd í alþjóðlegu ljósi. FORM ÍSLAND stendur einnig að útgáfu á veglegri sýningarskrá þar sem rakin verða atriði úr íslenskrari hönnunarsögu. Byggt verður á víðtækri gagnasöfnun og greinum eftir ýmsa höfundar og verður ritið ríkulega skreytt myndum.

Sýningarstjórar eru Michael Yong og Katrín Pétursdóttir iðnhönnuðir, þeim til aðstoðar er Ómar Sigurbergsson húsgagna- og innanhússarkitekt.



VERK AF SÝNINGU INGU SÓLVEIGAR FRÍÐJÓNSDÓTTUR, GULLSKIPIÐ, Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR.



ÞÓRARINN B. ÞORLÁKSSON. ÞINGVELLIR.


## Hið elsta og hið

Í Listasafni Íslands verða opnaðar tvær sýningar í október. Hinn 14. verður opnuð yfirlitssýning á verkum Þórarins B. Þorlákssonar og hinn 19. verður opnuð sýning á nýjum verkum Sigurðar Guðmundssonar.

SIGURÐUR Guðmundsson var í hópi ungra listamanna, sem komu fram á 7. áratugnum og voru undir áhrifum frá Fluxus-hreyfingunni og popplisti. Hann varð meðal virkustu félaga í SÚM-hópnum. Undanfarið hefur Sigurður einbeitt sér að gerð þrívíddarverka en hann hefur nú aðsetur í Kína og eru verk á sýningunni unnin þar. Sýningin verður í sal 2 í Listasafninu og stendur til 26. nóvember.



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON. HUNDUR.



VERK AF SÝNINGU INGU SÓLVEIGAR FRÍÐJÓNSDÓTTUR, GULLSKIPIÐ.

## Gullskipið og Jón Hreggviðsson

Gullskipið og Jón Hreggviðsson er yfirskrift tveggja sýninga sem opnaðar verða 6. október nk. í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Það eru myndlistarkonurnar Inga Sólveig Fríðjónsdóttir og Inga Guðrún Hlödversdóttir sem sýna þarna verk

sín. Lögó er áhersla á samskipti Íslendinga og Hollendinga á 17. öld.

Inga Sólveig nálgast þetta viðfangsefni út frá Gullskipinu svokallaða, eða hollenska Indíafarinu Wapen van Amsterdam, sem fórst við Íslandsstrendur 1667. Inga Guðrún beinir hins vegar sjónum sínum að Jóni Hreggviðssyni, íslenskum sakamanni sem flúði frá Íslandi og kom til Rotterdam í Hollandi árið 1684. Sýningin verður svo sett upp í Rotterdam á

næsta ári en þá mun borgin verða önnur af tveimur menninborgum Evrópu.

Verk Ingu Sólveigar eru landslagsljósmyndir frá strandstað Wapen van Amsterdam á Skeiðarársandi. Inga byggir á sögulegum heimildum um skipbrotið, en hefur þó frjálsar hendur um efnistöð og leyfir oft hugarfluginu að ráða. Ljósmyndirnar eru blandaðar teikningum og olíumálum sem Inga Sólveig vinnur á sinn sérstaka hátt. Verk Ingu Guðrúnar sýna dvöl Jóns Hregg-

viðssonar í Rotterdam og nágrenni, auk fólks sem varð þar á vegi hans. Verkin eru byggð á lýsingum úr íslenskum annálum, Íslandsklukkum Halldórs Kiljan Laxness og eigin hugarflugum Ingu Guðrúnar. Verkin eru olíumálverk unnin á striga.

Þess má geta að Wapen van Amsterdam var feikilega stórt Indíafar, eitt tólf kaupskipa á heimleið frá Indónesíu. Aðfaranótt 17. september skall á fárviðri á hafinu og hraktist